

## Starfsreglur endurskoðunarnefndar háskólaráðs

### Tilgangur og gildissvið

Endurskoðunarnefnd heyrir undir háskólaráð. Tilgangur þessara starfsreglna er að tryggja að endurskoðunarnefndin sinni hlutverki sínu í samræmi við 7. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Í lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er stjórn Háskóla Íslands falin háskólaráði og rektor sem fara með almennt eftirlit með starfsemi Háskóla Íslands og hafa yfirumsjón með fyrirtækjum, sjóðum og almennum eignum háskólans. Endurskoðunarnefndin gegnir sama hlutverki skv. þessum reglum gagnvart félögum sem háskólinn á meirihluta í og eru á ábyrgðarsviði rektors Háskóla Íslands.

### Hlutverk og ábyrgð

Hlutverk endurskoðunarnefndar er að stuðla að góðum stjórnarháttum og er henni ætlað að aðstoða háskólaráð og rektor við að sinna eftirlitshlutverki sínu. Samkvæmt lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 ber forstöðumaður ríkisstofnunar, eða eftir atvikum stjórn, ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits, sem felur í sér reglubundnar aðgerðir og ráðstafanir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt því að markmiðum starfseminnar sé náð og fylgt sé lögum og reglum. Endurskoðunarnefndin er ráðgefandi og því dregur skipun hennar ekki úr eða leysir háskólaráð og rektor frá ábyrgð sinni.

Innri endurskoðandi sem ber ábyrgð á að starfsreglur séu réttar hverjum sinni og formaður nefndarinnar að unnið sé eftir þeim.

### Framkvæmd

#### 1. Skipan nefndarinnar og verkaskipting

Háskólaráð skipar þrjá fulltrúa úr ráðinu í endurskoðunarnefnd til tveggja ára í senn og skal skipunartími vera hinn sami og háskólaráðs. Í nefndinni sitja einn fulltrúi háskólasamfélagsins, einn fulltrúi tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra og einn fulltrúi úr hópi þeirra sem valdir eru af tilnefndum og kjörnum fulltrúum í ráðinu. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal a.m.k. einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Ef enginn fulltrúi uppfyllir hæfni á því sviði getur háskólaráð skipað utanaðkomandi aðila í nefndina. Við skipun nefndarinnar skal gætt að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum og meirihluti nefndarinnar skal jafnframt vera óháður háskólanum og daglegum stjórnendum hans. Háskólaráð kýs formann, en nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkefnum. Innri endurskoðandi situr fundi nefndarinnar, er ritari hennar og heldur utan um starf hennar á milli funda í samráði við formann.

#### 2. Fundir, fundarstjórn, boðun funda og fundargerðir

Endurskoðunarnefnd fundar eftir þörfum, a.m.k. fjórum sinnum á ári. Starfs- og fundaaætlun endurskoðunarnefndar skal vera hluti af starfs- og fundaaætlun háskólaráðs til að vinna nefndarinnar nýtist háskólaráði sem best. Óski nefndarmenn, lykilstjórnendur, innri endurskoðandi eða ytri endurskoðandi eftir fundi í nefndinni ber að verða við því. Formaður endurskoðunarnefndar stýrir

fundum, boðar til þeirra með a.m.k. viku fyrirvara og skulu dagskrá og fundargögn fylgja fundarboði. Þátttaka á fundum með fjarfundarbúnaði er heimil.

Innri endurskoðandi ritar fundargerð og sér til þess að hún birtist á vinnusvæði háskólaráðs. Endurskoðunarnefnd upplýsir háskólaráð reglulega um störf sín eða eigi sjaldnar en árlega. Nefndin skal jafnframt meta störf sín og gera háskólaráði grein fyrir niðurstöðum sínum. Þóknun fyrir störf í nefndinni er í samræmi við greiðslur fyrir setu í starfsnefnd háskólaráðs.

Endurskoðunarnefnd hefur fullan aðgang að upplýsingum og gögnum frá stjórnendum og öðru starfsfólki háskólans sem og frá innri endurskoðanda. Nefndin getur boðað alla stjórnendur eða annað starfsfólk, eða þriðja aðila, á sinn fund eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna verkefna sinna. Endurskoðunarnefnd getur látið einstakar starfseiningar innan háskólans vinna fyrir sig minnisblöð og greinargerðir.

### **3. Hlutverk og verkefni endurskoðunarnefndar**

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi verkefni:

#### **3.1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og áætlana**

Reikningsskil eru upplýsingar um rekstur og stöðu á tilteknum tíma sem settar eru fram í samræmi við ákvæði laga og settra reikningsskilareglna. Áætlun fjallar um framtíðarhorfur í rekstri.

- 3.1.1. Nefndin skal fara yfir vinnuferli og gerð ársreikninga, milliuppgjör, rekstraráætlana og annarra fjárhagslegra skýrslna og áætlana áður en háskólaráð fjallar um þær, ásamt því að gera tillögur til úrbóta þar sem þess er þörf.
- 3.1.2. Nefndinni ber að fjalla um álitamál sem kunna að koma upp við reikningsskilagerðina. Nefndin skal sérstaklega hafa í huga ákvarðanir sem eru verulega háðar mati, kröfur laga og reglna og kanna áreiðanleika og fyrirkomulag upplýsinga frá stjórnendum.
- 3.1.3. Nefndin fer nánar yfir rekstur einstakra eininga þar sem komið hafa upp vandamál.

#### **3.2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu**

Samkvæmt lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 skal framkvæma innri endurskoðun hjá ríkisstofnunum í samræmi við alþjóðlega staðla og siðareglur um innri endurskoðun. Innri endurskoðun felur í sér mat á virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttá.

- 3.2.1. Nefndin skal yfirfara áhættugreiningu og áhættumat, ef við á, fyrir starfsemi háskólans og þeirri sem liggur til grundvallar reikningsskilum og fjárhagslegri upplýsingagjöf.
- 3.2.2. Nefndin skal fara yfir endurskoðunar- og rekstraráætlanir fyrir innri endurskoðun og endurskoða erindisbréf fyrir innri endurskoðun áður en háskólaráð fær það til samþykktar.
- 3.2.3. Nefndin skal taka við öllum skýrslum innri endurskoðunar, fara yfir þær og fylgja eftir helstu tillögum og mikilvægum álitamálum sem koma fram í skýrslunum.
- 3.2.4. Nefndin skal fylgjast með viðbrögðum stjórnenda við athugasemdum og ábendingum innri endurskoðunar.
- 3.2.5. Nefndin skal annast samskipti við innri endurskoðun og ef við á, áhættustýringarhóps.

### 3.3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun nr. 46/2016 sér ríkisendurskoðandi um stjórnýsluendurskoðun og endurskoðun ársreikninga ríkisstofnana, sjóða og ríkisfyrirtækja.

3.3.1. Nefndin skal ræða við ytri endurskoðanda áður en árleg endurskoðun ársreikninga háskólans hefst og fara yfir öll veigameiri atriði sem koma fram við endurskoðunina.

3.3.2. Nefndin skal fara yfir ábendingar sem fram koma í skýrslum og úttektum Ríkisendurskoðunar og fylgjast með viðbrögðum stjórnenda við þeim.

Háskólaráð getur sent endurskoðunarnefnd hvert það mál til nánari skoðunar sem varðar verkefni hennar.

### 4. Þagnar- og trúnaðarskylda

Nefndarmenn skulu gæta trúnaðar er varðar mál sem koma á borð nefndarinnar.

### 5. Gildistaka og endurskoðun

Reglurnar taka gildi þegar samþykkt háskólaráðs liggur fyrir og skulu endurskoðaðar ári síðar. Starfsreglurnar voru samþykktar af háskólaráði 1. október 2020.

#### Tilvísanir

- Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008.
- Lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- Lög um Ríkisendurskoðun nr. 46/2016.
- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
- Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.
- Erindisbréf fyrir innri endurskoðun frá 2018.